

Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4604477 8935350 bréfsími 4604478

Árið 2012, föstudaginn 14. desember, kl. 10.00 kom byggingarnefnd Eyjafjarðarsvæðis saman til **86. fundar** að Óseyri 2, Akureyri. Formaður Árni Kristjánsson, setti fundinn.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Grýtubakkahreppur, Gamla skólahúsinu Grenivík, sækir um leyfi fyrir að byggja parhús að Höfðagötu 1, Grenivík, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Opus teikni-&verkfræðistofu, dags. 12.12.2012, verk nr.090102.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

2. Darri ehf, Hafnargötu 1, Grenivík, sækir um leyfi fyrir viðbyggingu við Hafnargötu 1, Grenivík, en þar er fyrirtækið með skreiðarverkun. Meðfylgjandi teikningar eru frá H.S.Á teiknistofu, dags. 05.10.2012, verk nr. 12-501.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

3. Sænes ehf, Stórasvæði 8, Grenivík, sækir um leyfi fyrir lagerhúsnaði o.fl. viðbygging við Lundsbraut 2, Grenivík, en þar rekur ParmArtica lyfjafyrirtæki. Meðfylgjandi teikningar eru frá H.S.Á teiknistofu, dags. 25.11.2012, verk nr. 12-504.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

4. Bergur Konráðsson ehf, Sogavegi 69, Reykjavík, sækir um leyfi fyrir stækkun á sumarhúsi að Sunnuhlíð 7 við Grenivík, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá teiknistofunni Form, dags. 25.07.2012.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

5. Byggingarfulltrúi kynnti fyrir nefndinni erindi frá Kjarnafæði ehf, Frostagötu 1b, Akureyri, þar sem hann gaf út 1. nóvember s.l. byggingarleyfi fyrir tengibyggingu milli húsa nr. 5 og 10 í húsasamstæðu fyrirtækisins á Svalbarðseyri. Einnig verða gerðar breytingar á núverandi húsum m.a. sett milliloft í hús nr. 10 (gamla fjárréttin). Teikningar eru frá Opus teikni-&verkfræðistofu, dags. 22.10.2012, verk nr. 051001.

Byggingarnefnd gerir ekki athugasemd við framlagðar teikningar.

6. Erindi frá Kjarnafæði hf, Frostagötu 1b, Akureyri, þar sem farið er fram á bráðabirgðarleyfi fyrir að setja niður starfsmannagám og skýli við inngang nýbyggingar á austurhlið húsasamstæðu fyrirtækisins á Svalbarðseyri. Meðfylgjandi er uppdráttur frá Opus teikni-&verkfræðistofu. Fyrir liggur samþykki skipulagsnefndar Svalbarðstrandarhrepps þar sem fram kemur skilyrði um að mannvirkið verði fjarlægð eftir eitt ár.

Byggingarnefnd samþykkir fyrir sitt leyti stöðuleyfi í eitt ár.

7. Gunnar Malmqvist, Hrafnabjörgum 3, Akureyri, sækir um leyfi fyrir að flytja sumarhús frá jörðinni Vatnsenda í Ólafsfirði og setja niður á lóð nr. 5 í Heiðarbyggð, Geldingsá Svalbarðsstrandarhreppi. Meðfylgjandi eru teikningar eftir Heiðar Erlingsson, dags. í október 1978 og afstöðumynd undirrituð af Yngva R. Kristjánssyni.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

8. Unnur Arnsteinsdóttir, Heiðarlundi 4c, Akureyri, sækir um leyfi fyrir sumarhúsi að Heiðarbyggð 8, Geldingsá, Svalbarðstrandarhreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Valbirni Ægi Vilhjálmsyni, dags. 20.09.2012, verk nr. 12-28.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

9. Leó Fossberg Júlíusson, Lerkilundi 31, Akureyri, sækir um leyfi fyrir að byggja sumarhús að Veigahalli 4, Veigastöðum, Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá teiknistofunni Kollgátu dags. 28.11.2012.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

10. Leó Fossberg Júlíusson, Lerkilundi 31, Akureyri, sækir um leyfi fyrir að byggja sumarhús að Veigahalli 6, Veigastöðum, Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá teiknistofunni Kollgátu dags. 28.11.2012.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

11. Þorsteinn Jökull Vilhjálmsson, Flögusíðu 1, Akureyri, sækir um leyfi fyrir að byggja einbýlishús að Vaðlabrekku 2, Veigastöðum, Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá H.S.Á teiknistofu, dags. 12.12.2012, verk nr. 12-306.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

12. Þorsteinn Jökull Vilhjálmsson, Flögusíðu 1, Akureyri, sækir um leyfi fyrir að byggja einbýlishús að Vaðlabrekku 4, Veigastöðum, Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá H.S.Á teiknistofu, dags. 12.12.2012, verk nr. 11-304.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

13. Fossland ehf, Eyrarlandi, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi fyrir að byggja einbýlishús að Fosslandi 4, Eyrarlandi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá H.S.Á teiknistofu, dags. 10.12.2012, verk nr. 12-1205.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

14. Baldur Helgi Benjamínsson, Sómatúni 3, Akureyri, sækir um leyfi fyrir að byggja einbýlishús á lóð úr jörðinni Ytri-Tjörnum, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá teiknistofunni Mannvirkjameistarar ehf, dags. 10.11.2012, verk nr. 490.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

15. Guðný Elise Jóhannsdóttir, Eiðsvallagötu 4, Akureyri, sækir um leyfi fyrir að setja niður til geymslu þrjá 20 feta stálgáma á eignarland sitt nr. E. 187946 í landi Eyrarvíkur, Hörgársveit.

Byggingarnefnd samþykkir stöðuleyfi í 1 ár.

16. Davíð Jónsson Kjarna, Hörgársveit, sækir um leyfi fyrir 40 feta stálgámi sem nota á m.a. sem skýli fyrir hunda á jörðinni Kjarna. Staðsetning er sýnd á meðfylgjandi afstöðumynd.

Byggingarnefnd samþykkir stöðuleyfi í 1 ár.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.45

Árni Kristjánsson
Elmar Sigurgeirsson
Hermann Jónsson

Egill Bjarnason
Björn Ingason
Jósavin Gunnarsson